

NOREGSHEIMSÓKN 2005

HÖNEFOSS OG OSLÓ



NEMENDUR, KENNARAR OG FORELDRAR

HÖFDASKÓLA Á SKAGASTRÖND

VEIEN TIL ISLAND

Haustið 2003 kom fyrirspurn frá Hov ungdomsskole í Hönefoss til Höfðaskóla varðandi vinabekk og gagnkvæmar heimsóknir vorið 2005. Þetta var rætt með foreldrum og tóku foreldrar að sér að aðstoða nemendur við verkefnið. Þar sem við erum með frekar fámenna bekkji tóku nemendur 9. og 10. bekkja þetta að sér. Nemendur í Hov skole og Höfðaskóla höfðu bréfasamskipti og einnig tölvusamskipti. Mikið var rætt um hvenær ætti að fara, en eftir að ljóst var að Norðmennirnir kæmi seinni hluta maímánuðar var ákveðið að nemendur Höfðaskóla færu eftir skólaslit í júní.

Dagana 24.-26.maí 2005 kom 10A frá Hovskole í heimsókn á Skagaströnd og fylgdu eftir dagskrá heimamanna, sem var stjórnað af starfsfólki skólans og foreldrum. Gist var á heimilum nemenda í 9. og 10. bekk. Um þá ferð má lesa á heimasíðu Hov ungdomsskole:

http://www.ringerike.kommune.no/skole/hov/island_tur.htm .

Þann 6. júní fóru síðan nemendur Höfðaskóla af stað suður til Keflavíkur með rútu og gistu þar um nóttina á gistiheimili.

7. júní:

Dagurinn tekinn mjög snemma og allir vaknaðir kl. 5:00. Ekið til flugvallarins og flogið til Oslóar. Þar vorum við sótt á flugvöllinn og ekið í rútu til Hov skole í Hönefoss. (<http://www.ringerike.kommune.no/hov.ungdomsskole>)



Þar fengum við góðar móttökur, grillveislu og göngutúr í skóginum. Eftir það fórum við heim með okkar gestgjöfum, en gist var á heimilum nemenda, líkt og gert var á Skagaströnd. Kl. 18:00 um kvöldið var safnast saman í miðbæ Hönefoss og farið í skrúðgöngu inn í almenningsgarð. Þar gengum við, ásamt norsku krökkunum og foreldrum í bláum peysum merktum verkefninu Veien til Island. Norðmenn voru að fagna því að 100 ár voru liðin frá

því að þeir slitu sig úr sænska konungsveldinu og stofnuðu sitt eigið konungsveldi. Í garðinum voru ræðuhöld og tónlistaratriði og bauð bæjarstjórinn okkur velkomin frá Íslandi. Eftir skrúðgönguna var haldið á Peppe's pizza og snæddur þar kvöldverður. Kvöldinu lauk síðan í keiluhöll bæjarins, þar sem nemendur og foreldrar öttu kappi saman í keiluleik.



8. júní:

Við mættum í miðbæinn kl. 9:00 og byrjuðum á að skoða þar nýja og glæsilega byggingu sem hýsir 3 bíósal, bókasafn, verslanir og íbúðir. Við fengum skemmtilegan fyrirlestur frá framkvæmdastjóra byggingafyrirtækisins, þar sem hann m.a. fræddi okkur um byggðasögu Hönefoss. Eftir þessa heimsókn var frjáls tími í bænum en kl. 11:00 var haldið af stað í Norske Skog Follum, sem er pappírverksmiðja í bænum. (<http://www.norske-skog.com>) Foreldrar keyrðu okkur á einkabílum þangað og fengu norsku krakkarnir ekki að koma með, enda hópurinn þá orðinn of stór. Þetta er mjög stór og tæknivædd pappírverksmiðja og einn stærsti vinnuveitandi bæjarins. Þar fengum við mjög fínan fyrirlestur um pappírframleiðslu og svo fengum við að



ganga um verksmiðjuna og sjá pappír verða til. Það þótti mörgum þetta mjög fróðlegt að fá loksins að sjá hvernig pappír verður til úr tré. Eftir þetta var haldið í gamla fangelsi bæjarins og þar snæddur hádegisverður. Búið er að innrétta fangelsið sem veitingastað og m.a. eru gömlu fangaklefararnir notaðir sem sýningarsalir fyrir

listaverkasýningar. Eftir hádegisverð var hægt að velja um að fara í strandblak eða fara á hestbak. Síðan var frjáls tími til kl. 19:00 en þá hittust allir í Langhuset þá Veien, sem er byggt var nákvæmlega eftir 2000 ára gömlum rústum sem fundust í Ringerike (Hringaríki) fyrir um 10 árum.

(<http://www.ringerikes.museum.no/misc/arkeologi/veien.html>)

Þar snæddum við spekmad sem er alls konar kjöt, salöt og kartöflur. Þar mætti m.a. bæjarstjórinn og yfirmaður menningarmála í Ringerike. Kvöldinu lauk síðan með diskóteki fyrir krakkana en foreldrum og kennurum var boðið heim til einna foreldra í kvöldkaffi og spjall.



9. júní:

Mættum í skólann 10:30 með allan farangur. Farið var síðan á einkabílum í Hadeland Glassverk, sem er glerverksmiða rétt utan við Hönefoss. Þessi glerverksmiðja var stofnuð árið 1762. (<http://www.hadeland-glassverk.no>) Þar fengum við að fylgjast með glerblæstri og skoðuðum ógrynni af glermunum sem búnir eru þarna til. Svo var farið til baka í skólann, snæddur léttur hádegisverður og farið



í leiki eða setið og spjallað. Við kvöddum síðan gestgjafa okkar kl. 15:00 og héldum af stað til Oslóar. Við færðum þeim að gjöf merкта boli og við fengum lykklakippur og 2 bækur fyrir skólabókasafnið.

Í Osló gistum við á Bogstad Camping.

(<http://www.bogstadcamping.no>)

Þar komum við okkur vel fyrir um kvöldið í 5 kofum, snæddum þar saman kvöldverð og skoðuðum okkur um.

10. júní:

Vaknað upp úr kl. 8:30 og snæddur saman morgunverður. Síðan var haldið með strætó til Tusenfryd (<http://www.tusenfryd.no/>) sem er tívolíið í Noregi. Þar



skemmtu allir sér í hinum ýmsu tækjum allan daginn. Kl. 17:00 var síðan haldið af stað aftur til Oslóar og gengið um miðbæinn, snæddur þar kvöldverður og síðan haldið upp á Bogstad Camping. Þar tók við frjáls tími; sumir fóru í leiki, einhverjir í göngutúra og enn aðrir tóku því rólega og horfðu bara á sjónvarpið.

11. júní:

Vaknað um 9:00 og morgunmatur snæddur saman. Síðan var haldið með strætó í Vigelandsparken (<http://www.vigeland.museum.no/>) og þar gengið um og skoðað. Þar tóku líka fjórar konur sig til og hlupu kvannahlaup þar upp tröppurnar. Eftir það var haldið í bæinn og nú var frjáls dagur: sumir fóru og skoðuðu söfn og fleira,



Kvannahlaupið

m.a. Fram-safnið, meðan aðrir eyddu deginum í búðaróp. Síðan snæddu allir í bænum og héldu síðan upp á Bogstad Camping. Kvöldinu var síðan eytt í að pakka niður og taka til í kofunum.



Vigelandsparken

12. júní:

Dagurinn tekinn mjög snemma og allir vaknaðir um 8:00. Þá var snæddur morgunverður en síðan klárað að pakka og ganga frá kofunum. Við lögðum síðan af stað að verða 9:30 og héldum af stað í áttina til Sommarland. Veðurguðirnir léku nú ekki alveg við okkur, mígandi rigning og kuldi og ekkert sérlega spennandi að fara í vatnsleikjagarð í þannig veðri. Við keyrðum til Kongsberg og skoðuðum þar gamla silfurnámu. Svo borðuðum við í Kongsberg en héldum síðan til baka og stoppuðum næst í Lilleström og þar var hægt að fara í sund. Sundið þótti þó heldur í kaldari kantinum, enda eru sundlaugarnar ekki upphitaðar eins og hjá okkur. Eftir sundið var haldið til Gardermoen og vorum við komin þangað um 19:00. Þar eyddu allir sínum síðustu norsku krónum og svo flugum við af stað aftur til Íslands. Við komum til Keflavíkur kl. 23:00, allir fóru í fríhöfnina og þegar út var komið beið okkar rúta sem ók okkur heim um nóttina. Það voru síðan sælir en þreyttir ferðalangar sem komu til Skagastrandar kl. 4:00 aðfaranótt mánudagsins.



Í silfurnámunni

Það er skoðun okkar sem að þessu verkefni komum að það hafi verið mjög þroskandi fyrir nemendurna. Einnig hafa nú skapast tengsl milli nemenda þessara tveggja skóla og þó ekki sé hægt að tryggja áframhaldandi samskipti þá er ljóst að þetta verkefni hefur breytt viðhorfum nemenda í Höfðaskóla til Norðurlanda á jákvæðan hátt.

Nemendur, kennarar og foreldrar þakka öllum þeim sem veittu þeim stuðning, þannig að þessi ferð gæti orðið að veruleika.